

Reykjavík, 27.08. 2021

Árið 1954 var tréskurðarmeistarinn og fjölbhaginn Wilhelm Beckmann útnefndur **bæjarlistamaður Kópavogs**.

Beckmann, **sem varð fyrstur mann til að hljóta þennan heiður**, fæddist í Hamborg árið 1909. Eftir að hafa neyðst til að flýja heimaland sitt, vegna þátttöku í starfi þýska jafnaðarmannaflokksins (SPD), sem bannaður var af nasistum, kom hann til Íslands (1935) og settist hér að. Hann kvæntist íslenskri konu og eignaðist með henni tvö börn.

Wilhelm Beckmann starfaði í þrjátíu ár, eða allt til dauðadags (1965), við tréskurð, hönnun og höggmyndagerð. Verk eftir hann er t.d. að finna í 14 kirkjum á Íslandi.

Beckmann bjó lengst af með fjölskyldu sinni í Kópavogi. Þess vegna var hann, fyrstur manna, útnefndur bæjarlistamaður Kópavogs 1954.

Eftir hans daga ánöfnuðu börn hans, Einar og Hrefna, Kópavogsbæ öll listaverk föður síns, sem enn voru í eigu fjölskyldunnar.

Undanfarið ár hefur undirritaður, í samráði við þýska sjónvarpsmanninn Mick Locher, unnið við undirbúning að gerð heimildamyndar um ævi og list Wilhelms Beckmanns, sem tekin er bæði á Íslandi og í Þýskalandi.

Mörg atriði myndarinnar eru tekin í safnaðarheimili Kópavogskirkju, þar sem nokkur merkileg verk eftir listamanninn er að finna. Auk þess hefur Héraðsskjalasafn Kópavogs veitt höfundum myndarinnar aðgang að fjölda ýmiss konar listaverka úr fótum listamannsins, sem þar eru geymd.

Heildarkostnaður við gerð umræddrar heimildamyndar er áætlaður IKR 9.000.000. -

Hvað fjármögnun myndarinnar varðar, þá hefur hún gengið allbærilega til þessa.

Wilhelm Beckmann-stofnunin, sem var komið á fót árið 2013, hefur gefið vilyrði fyrir styrk að fjárhæð IKR 3.000.000, -

Þá veitti Kvikmyndamiðstöð Íslands handritssyrk að fjárhæð IKR 500.000, -.

Og RÚV hefur þegar keypt sýningarréttinn að myndinni fyrir IKR 1.200.000, - auk þess sem Sjónvarpið veitir höfundum heimild til að nýta gjaldskylt efni að fjárhæð IKR 300.000, -, samtals IKR 1.500.000, -.

Ennfremur standa vonir til, að fleiri aðilar muni leggja fram fé til þessa verkefnis.

Þar eð **Kópavogsbær** gegndi, sem fyrr segir, stóru hlutverki í lífi og listsköpun Beckmanns var ákveðið að fara þess á leit við bæjarráð Kópavogs, að bæjarfélagið styrkti gerð myndarinnar með framlagi að fjárhæð IKR 1.500.000. – .

Við vonum að bæjarráð Kópavogs sé sammála því, að slíkur stuðningur væri vel við hæfi.

Ef Kópavogsbær sæi sér fært að styðja umrætt verkefni, myndi sá stuðningur koma skýrt fram, bæði í kynningarefni og á „kreditlista“ myndarinnar.

Fyrirhugað er að frumsýna myndina um Wilhelm Beckmann vorið 2022.

Það skal að lokum tekið fram, að okkur er að sjálfsögðu bæði ljúft og skylt að leggja fram skrifleg gögn um þann fjárstyrk sem þegar hefur fengist í myndina, sem og frekari upplýsingar, sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,

Arthúr Björgvin Bollason